

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Attentin 5 mg töflur
Attentin 10 mg töflur
Attentin 20 mg töflur

dexamfetaminsúlfat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Attentin og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Attentin
3. Hvernig nota á Attentin
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Attentin
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Attentin og við hverju það er notað

Hvað Attentin er

Attentin töflur innihalda virka efnið dexamfetaminsúlfat.

Attentin er geðörvandi lyf. Það bætir virkni í hluta heilans. Þetta lyf getur bætt athygli, einbeitingu og dregið úr hvatvísri hegðun.

Til hvers það er notað

Attentin er notað til að meðhöndla athyglisbrest með ofvirkni (ADHD).

- Það er notað fyrir börn og unglunga á aldrinum 6-17 ára.
- Það er ekki ætlað til notkunar hjá öllum börnum með ADHD.
- Það er eingöngu notað þegar annað lyf sem kallast methylphenidat hefur ekki virkað nógu vel.
- Eingöngu á að nota það sem hluta af meðferðaráætlun sem venjulega felur í sér sálfræðileg, menntunarleg og félagsleg úrræði.

Meðferð með Attentin má eingöngu vera hafin af og vera undir umsjón sérfræðings í hegðunarvandamálum hjá börnum og unglungum.

Þú verður að ræða við lækninn ef barninu líður ekki betur eftir mánuð eða ef því líður verr. Læknirinn gæti ákveðið að þörf sé á annarri meðferð.

2. Áður en byrjað er að nota Attentin

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknisins og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Attentin ef barnið þitt:

- er með ofnæmi fyrir dexametamini eða öðrum amfetamínsamböndum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6)
- er með skjaldkirtilsvandamál
- er með aukinn þrýsting í auga (gláku)
- er með æxli í nýrnaheitu (krómfiklaæxli)
- er með átröskun, finnur ekki fyrir svengd eða hefur ekki matarlyst (t.d. lystarstol)
- er með mjög háan blóðþrýsting eða þrengsli í æðum sem valda verk í handleggjum og fótleggjum
- er með mikla æðakölkun
- hefur einhvern tíma haft hjartakvilla – svo sem fengið hjartaáfall, haft óreglulegan hjartslátt, fengið verk eða óþægindi fyrir brjósti, hjartabilun, hjartasjúkdóm eða er með meðfæddan hjartakvilla
- hefur haft einkenni frá æðum í heila – svo sem fengið slag, útvíkkun og þynningu á hluta æðar (slagæðagúlp), þröngar eða stíflaðar æðar eða bólgu í æðum (æðabólga)
- er með geðræn vandamál, eins og:
 - siðblindu eða jaðarpersónuleikaröskun
 - óeðlilegar hugsanir eða sýnir eða geðklofa
 - einkenni um alvarlegar geðraskanir, eins og:
 - sjálfsvígshugsanir
 - alvarlegt þunglyndi
 - oflæti
 - skapsveiflur (frá geðhæð yfir í geðlægð - kallast „geðhvarfasýki“)
- notar eða hefur á síðustu 14 dögum notað þunglyndislyf (þekkt sem monóamín oxídasahemlar) – sjá „Notkun annarra lyfja samhliða Attentin“ hér aftar
- hefur einhvern tíma misnotað áfengi, lyfseðilsskyld lyf eða fíkniefni
- er með Tourette heilkenni eða aðra hreyfi- eða raddkippi
- er með endurtekna kippi í einhverjum hluta líkamans sem erfitt er að stjórna eða endurtekur hljóð og orð
- er með porfýríu

Ekki má nota lyfið ef eitthvað af framangreindu á við um barnið þitt. Ef þú ert ekki viss skaltu ráðfæra þig við lækinn eða lyfjafræðing áður en Attentin er notað. Það er vegna þess að lyfið getur gert þessi vandamál verri.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Attentin er notað ef barnið þitt:

- er með blóð-, lifrar- eða nýrnakvilla
- er með óstöðugan persónuleika
- hefur fengið köst (flog, krampa, flogaveiki) eða hefur haft óeðlilegt heilalínurit (EEG rit)
- er stúlka og er byrjuð að hafa tíðablæðingar (sjá „Meðganga og brjóstagjöf“ hér aftar)
- er með háan blóðþrýsting
- er með hjartakvilla sem ekki er talinn upp í „Ekki má nota“ kaflanum hér frammar
- er með geðrænt vandamál sem ekki er talið upp í „Ekki má nota“ kaflanum hér frammar. Þetta getur falið í sér skapsveiflur almennt, óvenjulega árásarhneigð, ofskynjanir, ranghugmyndir, ofsóknaræði, æsing og kvíða, sektartilfinningu eða þunglyndi.

Láttu lækinn eða lyfjafræðing vita áður en meðferð er hafin ef eitthvað af framangreindu á við um barnið þitt. Það er vegna þess að lyfið getur gert þessi vandamál verri. Læknirinn mun fylgjast með því hvaða áhrif lyfið hefur á barnið þitt.

Atriði sem læknirinn athugar áður en byrjað er að nota Attentin

Þessar athuganir eru til þess að meta hvort þetta sé rétta lyfið fyrir barnið þitt. Læknirinn mun ræða við þig um:

- önnur lyf sem barnið þitt notar

- hvort til staðar sé fjölskyldusaga um skyndilegt dauðsfall af óþekktum orsökum
- hvort þú eða einhver í fjölskyldunni sé með einhverja aðra sjúkdóma (svo sem hjartakvilla)
- hvernig barninu þínu líður, er glaðvært eða dapurt, hafi undarlegar hugsanir og hvort barnið þitt hefur einhvern tíma haft slíkar tilfinningar
- hvort einhver í fjölskyldunni hafi „kæki“ (erfiðleika með að stjórna endurteknum, ósjálfráðum hreyfingum, hljóðum eða orðum)
- hvort þú eða einhver í fjölskyldunni hafi einhvern tíma átt við geðræn vandamál eða hegðunarvandamál að stríða.

Læknirinn mun ræða við þig til að finna út hvort barnið þitt eigi á hættu að fá geðsveiflur (frá oflæti yfir í þunglyndi – nefnt „geðhvarfasýki“). Hann mun einnig athuga hvernig barnið þitt hefur haft það andlega fram að þessu og hvort fjölskyldusaga sé um sjálfsvíg, geðhvarfasýki eða þunglyndi.

Mikilvægt er að þú veitir eins miklar upplýsingar og þú getur. Það auðveldar læknum að meta hvort Attentin sé rétta lyfið fyrir barnið þitt. Læknirinn gæti ákveðið að þörf sé á frekari læknisfræðilegum rannsóknum áður en barnið þitt byrjar að nota lyfið.

Áhrif á þyngd/vöxt

Attentin getur valdið minnkaðri þyngd hjá sumum börnum og unglungum.

- Þyngdaraukning getur verið of lítil.
- Læknirinn mun fylgjast vel með hæð og þyngd barnsins, ásamt því hversu vel barnið borðar.
- Ef barnið er ekki að vaxa sem skyldi getur læknirinn stöðvað meðferðina með Attentin í stuttan tíma.

Skurðaðgerð

Láttu lækninn vita ef barnið er að fara í skurðaðgerð. Ekki má taka Attentin á aðgerðardaginn ef nota þarf ákveðna gerð af svæfingalyfjum. Það er vegna þess að hætta er á að blóðþrýstingurinn hækki skyndilega á meðan á aðgerð stendur.

Lyfjapróf

Lyfið getur valdið jákvæðri niðurstöðu úr lyfjaprófi.

Milliverkanir við önnur lyf/rannsóknarstofupróf

Lyfið getur haft áhrif á niðurstöður rannsóknarstofuprófa.

Börn og unglingar

Attentin er hvorki ætlað til meðferðar á ADHD hjá börnum yngri en 6 ára, né hjá fullorðnum. Ekki er þekkt hvort það er öruggt eða árangursríkt hjá þessum einstaklingum.

Notkun annarra lyfja samhliða Attentin

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem barnið notar, hefur nýlega notað eða kynni að nota. Þar með talin lyf sem fengin eru án lyfseðils.

Mónóamín oxidasahemlar

Ekki nota þetta lyf ef barnið þitt notar lyf sem kallast „mónóamín oxidasahemill“ (MAO-hemill), notað við þunglyndi, eða hefur notað MAO-hemil síðastliðna 14 daga. Notkun MAO-hemils ásamt dexamfetamini getur valdið skyndilegri hækkun á blóðþrýstingi.

Ef barnið þitt notar önnur lyf getur þetta lyf haft áhrif á verkun þeirra eða valdið aukaverkunum. Ef barnið þitt notar eitthvert eftirtalinna lyfja skaltu ráðfæra þig við lækninn eða lyfjafræðinginn áður en Attentin er notað:

- önnur lyf við þunglyndi, t.d. þríhringlaga þunglyndislyf og sérhæfðir serótónín endurupptökuhemlar
- lyf við alvarlegum geðsjúkdómum, t.d. fentíazín og haldoperidol
- lyf við flogaveiki, t.d. krampastillandi lyf eins og phenobarbital, phenytoin, primidon og ethosuximid

- lyf sem notuð eru til að hætta notkun áfengis, t.d. disulfiram
- lyf sem notuð eru til að lækka eða hækka blóðþrýsting, t.d. guanethidin, clonidin, reserpin eða alfa-methyltyrosin, eða beta-blokkar eins og propranolol
- sum meðul við hósta og kvefi sem innhalda efni sem geta haft áhrif á blóðþrýsting
Mikilvægt er að tala við lyfjafræðinginn þegar þú kaupir einhver slík lyf
- lyf sem þynna blóðið til að koma í veg fyrir blóðtappa, t.d. kúmarín segavarnarlyf
- öll lyf sem innihalda glútamínsýru, askorbínsýru, ammóníum klóríð, natríumsýru fosfat, natríum bikarbónat, acetazolamid, tíazíð
- eitthvert af eftirfarandi lyfjum: beta-blokkar, andhistamín, lithíum, noradrenalin, morphín og meperidín.

Ef þú ert í einhverjum vafa um hvort eitthvað af þeim lyfjum sem barnið þitt notar sé á listanum hér að framan skaltu ráðfæra þig við lækinn eða lyfjafræðing áður en lyfið er notað.

Notkun Attentin samhliða áfengi

Ekki má neyta áfengis á meðan lyfið er notað. Gættu að því að sumar fæðutegundir og sum lyf innihalda áfengi.

Meðganga og brjóstgjöf

Fyrirliggjandi upplýsingar um notkun Attentin á fyrstu þremur mánuðum meðgöngu benda ekki til aukinnar hættu á meðfæddri vansköpun hjá barninu, en hættan á meðgöngueitrun (ástand sem kemur yfirleitt upp eftir 20 vikna meðgöngu og einkennist af háum blóðþrýstingi og prótíni í þvagi) og fyrirburafæðingu kann að vera meiri. Nýburar sem voru útsettir fyrir amfetamíni á meðgöngu geta fengið fráhrarfseinkenni (skjálfta, pirring, herta vöðvaspennu).

Ef dóttir þín er þunguð eða með barn á brjósti, ef hún gæti verið þunguð eða ráðgerir að verða þunguð, skaltu leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

- Læknirinn mun ræða um getnaðarvarnir.
- Ef dóttir þín er þunguð gæti hún þurft að hætta notkun þessa lyfs.
- Hugsanlegt er að lyfið berist í brjóstamjólk. Því mun læknirinn meta hvort dóttir þín eigi að hætta brjóstgjöf eða hætta að nota lyfið.

Akstur og notkun véla

Barnið þitt gæti fundið fyrir sundli, átt í erfiðleikum með sjónskerpu eða sjónin orðið þokukennd þegar þetta lyf er notað. Ef það gerist getur verið hættulegt að aka bíl, nota vélar, hjóla á reiðhjólí, fara á hestbak eða klifra í trjám.

Attentin inniheldur ísómalt (E953)

Ef læknirinn hefur sagt þér að barnið þitt hafi óþol fyrir sumum gerðum sykurs, hafðu þá samband við lækinn áður en lyfið er notað.

3. Hvernig nota á Attentin

Hversu mikið á að taka

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Venjulegur ráðlagður skammtur er á bilinu 5 mg til 20 mg.

- Læknirinn byrjar meðferðina venjulega með litlum skammti, einni Attentin töflu. Skammturinn er aukinn smám saman um eina Attentin töflu með viku millibili, eins og þörf krefur.
- Hámarks dagskammtur er 20 mg (í mjög sjaldgæfum tilfellum getur þurft að nota 40 mg).

- Ákvörðunin um hvort gefa eigi Attentin einu sinni eða tvisvar á dag ætti að byggjast á einkennum á mismunandi tíma dags.

Notkun

Lyfið er til inntöku.

Barnið þitt á að taka Attentin töflur með vatni, helst með mat eða strax eftir máltíð. Alltaf skal taka Attentin töflurnar á sama tíma dags í tenglum við máltíðir. Almennt ætti ekki að taka síðasta skammt of löngu eftir hádegi til að forðast erfiðleika við að sofna.

Töflurnar eru með deiliskoru og þeim má skipta, ef þarf. Deiliskoran er eingöngu til þess að hjálpa þér að brjóta töfluna ef það eru erfiðleikar með að gleypa hana heila en ekki til að skipta henni í jafna skammta. Til að skipta töflunni skal setja hana á hart yfirborð þannig að hliðin með deiliskorunni snúi niður, síðan skal þrýsta varlega með vísifingri á miðja töfluna á þeirri hlið sem snýr upp. Þá brotnar taflan í fjóra hluta.

Ef barninu þínu líður ekki betur skaltu láta lækinn vita. Læknirinn gæti metið það svo að þörf sé á annars konar meðferð.

Langtíma meðferð

Læknirinn mun ákveða hversu lengi meðferðin varir. Ef barnið þitt notar lyfið lengur en í eitt ár mun læknirinn stöðva meðferðina í stuttan tíma, t.d. í skólafrú. Þá kemur í ljós hvort enn er þörf fyrir lyfið.

Ef Attentin er ekki notað rétt

Ef Attentin er ekki notað rétt getur það valdið óeðlilegri hegðun. Slíkt getur líka þýtt að barnið þitt sé að verða háð lyfinu. Láttu lækinn vita ef barnið þitt hefur einhvern tíma misnotað áfengi eða verið háð áfengi, lyfseðilsskyldum lyfjum eða fikniefnum.

Þetta lyf er eingöngu ætlað barninu þínu. Ekki má gefa lyfið öðrum, jafnvel þótt um sömu einkenni sé að ræða.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið tekinn, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal strax hafa samband við lækni, sjúkrahús, eitrarmiðstöð (sími 543 2222) eða hringja á sjúkrabíl. Láttu vita hversu mikið hefur verið tekið af lyfinu. Sýndu læknum pakkninguna eða þennan fylgiseðil. Ofskammtur af þessum töflum getur verið mjög alvarlegur.

Vísbendingar ofskömmunar geta verið: æsingur, ofskynjanir, krampar sem leiða til meðvitundarleysis, óreglulegur og hraður hjartsláttur og minnkuð öndun.

Ef gleymist að taka Attentin

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka. Ef barnið þitt gleymir skammti á að bíða með að taka lyfið þar til komið er að næsta skammti.

Ef hætt er að nota Attentin

Ef barnið þitt hættir snögglega að nota lyfið getur það leitt til óhemju mikillar þreytu, þunglyndis, geðraskana, æsings, svefntruflana, aukinnar matarlystar eða ósjálfráðra hreyfinga. Læknirinn gæti viljað minnka skammtinn sem tekinn er daglega af lyfinu smám saman áður en hætt er alveg. Talaðu við lækinn áður en hætt er að nota Attentin.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum. Læknirinn mun ræða við þig um þessar aukaverkanir.

Ef þú finnur fyrir einhverjum af eftirfarandi einkennum skaltu hætta að taka Attentin og láta lækninn vita strax eða fara á næstu bráðamóttöku:

- ofskynjanir, geðrof/geðrofseinkenni, sjálfsvígshegðun (koma örsjaldan fyrir: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum)
- alvarleg ofnæmisviðbrögð sem valda bólgu í andliti, tungu eða hálsi; kyngingarerfiðleikum, ofsakláða og öndunarerfiðleikum (ofnæmisjúgur/ bráðaofnæmi) (tíðni ekki þekkt: ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum)
- óeðlilegt niðurbrot vöðva með einkennum eins og óútskýrða vöðvaverki, vöðvakrampa eða máttleysi í vöðvum (rákvöðvalýsa) (tíðni ekki þekkt: ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum)

Aðrar aukaverkanir

Mjög algengar: geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum

- minnkuð matarlyst, minnkuð þyngdaraukning og þyngdartap við langtímanotkun hjá börnum
- erfiðleikar með svefn
- taugaóstyrkur

Algengar: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum

- óreglulegur eða aukinn hjartsláttur, hjartsláttur sem frekar er tekið eftir
- kviðverkur og/eða krampar í kvið, ógleði, uppköst, munnþurrkur
Þessi áhrif koma venjulega fram í upphafi meðferðar og hægt er að draga úr þeim með því að taka lyfið með mat.
- breytingar á blóðþrýstingi og hjartsláttartíðni (yfirleitt aukning)
- liðverkir
- tilfinning um sundl eða að „hringsnúast“, rykkjóttar eða ósjálfráðar hreyfingar, höfuðverkur, ofvirkni
- óeðlileg hegðun, árásarhneigð, ofurnæmi, lystarleysi, kvíði, þunglyndi, pirringur

Mjög sjaldgæfar: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum

- hjartaöng
- erfiðleikar með sjónskerpu og fókus, þokusýn, útvíkkun sjáöldur
- minnkuð hæðaraukning við langtímanotkun hjá börnum
- þreyta
- útbrot, ofsakláði

Koma örsjaldan fyrir: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum

- fækkun rauðra blóðkorna sem veldur fólva á húð og máttleysi eða mæði, breyting á fjölda blóðfrumna (hvítfrumnafeð, blóðflagnafæð, blóðflagnafæðarpurpuri)
- hjartastopp
- Tourette heilkenni
- óeðlileg lifrarstarfsemi, allt frá hækkun á gildum lifrarensíma til lifrardás
- sinadráttur
- krampar, ósjálfráðar hreyfingar (fettu-brettu hreyfingar), blæðing innan höfuðkúpu
- sjálfsvíg, kippir, versnun á kippum sem voru til staðar fyrir
- rauðar húðbreytingar með kláða (regnbogaroði) eða hreistraðir flekkir (skinnflagningshúðbólga), endurtekin útbrot sem koma fyrir á sama stað í hvert sinn sem lyfið er tekið (staðbundin lyfjaútbrot)
- bólga í æðum í mænu og heila (heilaslagæðabólga) og/eða teppa

Tíðni ekki þekkt: ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum

- hjartavöðvasjúkdómur (hjartavöðvakvilli), hjartaáfall, skyndidauði
- bólga í hluta ristils þegar blóðflæði er minnkað (blóðþurrðarristilbólga), niðurgangur
- brjóstverkur, aukinn líkamshiti, ofnæmisviðbrögð
- truflun á sýru-basa jafnvægi líkamans (blóðsýring)
- erfiðleikar með stjórn á hreyfingum (ósamhæfðar hreyfingar), sundl, óeðlilegt eða skert bragðskyn, einbeitingarerfiðleikar, ofviðbrögð, slag, hristingur (skjálfti)
- ringlun, fíkn, vanlíðan, tilfinningalegt ójafnvægi, sæluvíma, skertur árangur á vitsmunaprófi, breytt kynhvöt, svefnskelfing (night terrors), árátu- og þráhyggjuhegðun, ofsahræðsla, ofsóknaræði, eirðarleysi
- nýrnaskaði
- getuleysi
- svitamyndun, hárlós
- blóðrásarbilun
- dofi í fingrum og tám, náladofi og litabreytingar (frá hvítu yfir í blátt og síðan rautt) í kulda (Raynauds heilkenni).

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Attentin

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið við lægri hita en 25°C.

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Attentin inniheldur

- Virka innihaldsefnið er dexamfetaminsúlfat
Attentin 5 mg:
Hver tafla inniheldur 5 mg af dexamfetaminsúlfati.
Attentin 10 mg:
Hver tafla inniheldur 10 mg af dexamfetaminsúlfati.
Attentin 20 mg:
Hver tafla inniheldur 20 mg af dexamfetaminsúlfati.

- Önnur innihaldsefni eru:
ísómalt (E953), sjá kafla 2
magnesiumsterat
krospóvídón í Attentin 5 mg
gult járnnoxíð (E172) í Attentin 10 mg
rautt járnnoxíð (E172) í Attentin 20 mg

Lýsing á útliti Attentin og pakkningastærðir

Attentin 5 mg töflur

Hvítar, kringlóttar, smáralauf-laga töflur með tveimur deiliskorum sem mynda kross á annarri hliðinni og með tveimur deililínunum sem mynda kross með upphleypu „S“ á hverjum fjórðungi á hinni hliðinni. Deiliskoran er eingöngu til þess að hægt sé að skipta töflunni svo auðveldara sé að kyngja henni en ekki til þess að skipta henni í jafna skammta.

Pakkningastærðir: 20, 28, 30, 40, 50, 56, 98 og 100 töflur.

Öskjur innihalda töflur pakkaðar í PVC/PE/PVdC álþynnur.

Attentin 10 mg

Gular, kringlóttar, smáralauf-laga töflur með tveimur deiliskorum sem mynda kross á annarri hliðinni og með tveimur deililínunum sem mynda kross með upphleypu „M“ á hverjum fjórðungi á hinni hliðinni.

Deiliskoran er eingöngu til þess að hægt sé að skipta töflunni svo auðveldara sé að kyngja henni en ekki til þess að skipta henni í jafna skammta.

Pakkningastærðir: 20, 28, 30, 40, 48, 50 og 56 töflur.

Öskjur innihalda töflur pakkaðar í PVC/PVdC álþynnur.

Attentin 20 mg

Rauðleitar, kringlóttar, smáralauf-laga töflur með tveimur deiliskorum sem mynda kross á annarri hliðinni og með tveimur deililínunum sem mynda kross með upphleypu „L“ á hverjum fjórðungi á hinni hliðinni.

Deiliskoran er eingöngu til þess að hægt sé að skipta töflunni svo auðveldara sé að kyngja henni en ekki til þess að skipta henni í jafna skammta.

Pakkningastærðir: 20, 28, 30, 40 og 56 töflur.

Öskjur innihalda töflur pakkaðar í PVC/PVdC álþynnur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Medice Arzneimittel Pütter GmbH & Co. KG
Kuhloweg 37
58638 Iserlohn
Þýskaland

Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið

Alvogen ehf.
Sími: 522 2900
Netfang: info@alvogen.is

Þetta lyf hefur markaðsleyfi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins undir eftirfarandi heitum:

Austurríki:	Philla 5 mg/10 mg/20 mg
Belgía:	Attentin 5 mg/10 mg/20 mg
Bretland:	Amfexa 5 mg/10 mg/20 mg tablet
Danmörk:	Attentin 5 mg/10 mg/20 mg
Eistland:	Tentin 5 mg/10 mg/20 mg

Finnland:	Attentin 5 mg/10 mg/20 mg
Frakkland:	Tentin 5 mg/10 mg/20 mg
Ísland:	Attentin 5 mg/10 mg/20 mg
Ítalía:	Amfexa 5 mg/10 mg/20 mg
Lúxemborg:	Attentin 5 mg/10 mg/20 mg
Noregur:	Attentin 5 mg/10 mg/20 mg
Pólland:	Tentin 5 mg/10 mg/20 mg
Portúgal:	Tentin 5 mg/10 mg/20 mg
Spánn:	Tentin 5 mg/10 mg/20 mg
Svíþjóð:	Attentin 5 mg/10 mg/20 mg

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í febrúar 2025.